

Apríl fréttablað



Marsmánuður er búinn að vera óvenjulegur hjá okkur. Í byrjun mánaðar ákváðum við að takmarka heimsóknir til okkar vegna smithættu á COVID-19 þannig að eldri borgarar og nemendur tónlistarskólans komu ekki af þeirri ástæðu. Við ákváðum einnig að hætta að fara í íþróttahúsið og sundlaugina með börnin. Eftir að samkomubann skall á var þessu öllu svo sjálfhætt.

Við munum meta það eftir fyrir mælum almannavarna og hvernig COVID-19 þróast hvenær við byrjum aftur með samstarf milli deilda, söngstundir og íþróttatíma.



Foreldrar barna sem ekki fengu að mæta á meðan verfall Eflingar stóð yfir þurfa ekki að greiða fyrir þá daga sem féllu niður vegna þess.

Uppsögn 6 ára barna

Þar sem ekki verður hægt að halda fund með foreldrum elstu barnanna í leikskólanum eins og venja er, munum við senda heim uppsagnarbréf og biðja foreldra að segja upp plássi barns síns. Þau börn sem eru í leikskólanum í apríl fá blað í hólfi barnsins en þau sem eru í fríi í apríl munu fá tölvupóst og undirrita uppsögn þegar börnin mæta í leikskólann. Nauðsynlegt er fyrir stjórnendur að fá þessar upplýsingar í apríl svo hægt sé að skipuleggja aðlögun nýrra nemenda inn í sumar og/eða haust.

Námsferð frestað

Námsferð starfsfólk sem áætluð var í byrjun maí hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna ástandsins um allan heim. Falla því starfsdagarnir niður sem eru á skóladagatali þ.e. 30. apríl og 4.-5. maí. Nánari tímasetning kemur síðar.

Margir foreldrar hafa kosið að hafa börn sín heima í 4 vikur, frá 16. mars til 14. apríl, og fá þeir felld niður gjöld á meðan. Eftir 14. apríl munum við halda áfram að fylgja fyrirmælum Almannafræðis og skipuleggja starfið jafnóðum og nýjar leiðbeiningar berast okkur.

Áframhald á samkomubanni

Það þykir líklegt að samkomubann verði áfram út apríl og biðjum við þá foreldra sem ætla að hafa börn sín áfram heima á meðan á samkomubanni sendur að hafa samband við Dagnýju í síma 4803660 eða á dagny@olfus.is.

Vikan 1.- 5. apríl

3. apríl **blár litadagur**.

Vikan 6. -12. apríl

9. apríl skírdagur, leikskólinn lokaður.

10. apríl föstudagurinn langi, leikskólinn lokaður.

Vikan 13. -19. apríl

13. apríl annar í páskum, leikskóli lokaður.

Vikan 20. – 26. apríl

21. apríl foreldrafundur 6 ára barna kl. 8.10.

23. apríl sumardagurinn fyrsti, leikskólinn lokaður.

Vikan 27. apríl– 1. maí

1. maí Verkalýðsdagurinn, leikskólinn lokaður.

Með páskakveðju

Elsa aðstoðarleikskólastjóri

